
Borgarleikhúsið

Fanný og Alexander – frumsýnt í kvöld kl 19



Fanný og Alexander (Stóra sviðið)

Fös 6/1 kl. 19:00 frums	Sun 5/2 kl. 20:00 5.k	Fös 2/3 kl. 20:00 12.k
Mið 11/1 kl. 20:00 2.k	Fim 9/2 kl. 20:00 6.k	Fim 8/3 kl. 20:00
Lau 14/1 kl. 19:00 aukas	Mið 15/2 kl. 20:00 7.k	Fös 9/3 kl. 20:00
Sun 15/1 kl. 20:00 3.k	Fim 16/2 kl. 20:00 8.k	Lau 17/3 kl. 20:00
Mið 18/1 kl. 20:00 aukas	Fös 17/2 kl. 20:00 9.k	Fös 23/3 kl. 20:00
Sun 22/1 kl. 20:00 aukas	Fim 23/2 kl. 20:00 aukas	Lau 31/3 kl. 20:00
Mið 25/1 kl. 20:00 4.k	Fös 24/2 kl. 20:00 10.k	
Fim 26/1 kl. 20:00 aukas	Fim 1/3 kl. 20:00 11.k	

Hin stórbrotna fjölskyldusaga loks á svið



Galdrakarlinn í Oz (Stóra sviðið)

Lau 7/1 kl. 14:00 30.k	Lau 28/1 kl. 14:00	Lau 18/2 kl. 14:00
Sun 8/1 kl. 14:00 31.k	Sun 29/1 kl. 14:00	Sun 19/2 kl. 14:00
Lau 14/1 kl. 13:00	Lau 4/2 kl. 14:00	Lau 25/2 kl. 14:00
Sun 15/1 kl. 14:00	Sun 5/2 kl. 14:00	Sun 26/2 kl. 14:00
Lau 21/1 kl. 14:00	Lau 11/2 kl. 14:00	
Sun 22/1 kl. 14:00	Sun 12/2 kl. 14:00	

Einn vinsælasti fjölskyldusöngleikur allra tíma



Kirsuberjagarðurinn (Stóra sviðið)

Sun 8/1 kl. 20:00	Fim 19/1 kl. 20:00	Fös 27/1 kl. 19:00
Fim 12/1 kl. 20:00	Fös 20/1 kl. 19:00	

Sannkölluð leikhúsperla um ástir, drauma og vonir. Sýningum fer fækkandi



NEI, RÁÐHERRA! (Stóra sviðið)

Lau 7/1 kl. 19:00	Fös 13/1 kl. 19:00	Lau 21/1 kl. 19:00

Gríman: Áhorfendasýning ársins 2011



Axlar - Björn (Litla sviðið)

Mán 9/1 kl. 20:00 fors	Sun 22/1 kl. 20:00 4.k	Lau 11/2 kl. 20:00 8.k
Þri 10/1 kl. 20:00 fors	Mið 25/1 kl. 20:00 5.k	Sun 12/2 kl. 20:00 aukas
Mið 11/1 kl. 20:00 frums	Fim 26/1 kl. 20:00 6.k	Lau 18/2 kl. 20:00 9.k
Sun 15/1 kl. 20:00 2.k	Lau 4/2 kl. 20:00 aukas	Sun 19/2 kl. 20:00
Mið 18/1 kl. 20:00 3.k	Sun 5/2 kl. 20:00 7.k	

Nýtt verk úr smiðju Vesturports



Jesús litli (Litla svið)

Sun 8/1 kl. 20:00 aukas		

Mannbætandi upplifun! Grímusýning ársins 2010. Lokasýning



Nýdönsk í nánd (Litla sviðið)

Lau 7/1 kl. 22:00 2.k	Lau 14/1 kl. 22:00 4.k	Lau 21/1 kl. 22:00 aukas
Fös 13/1 kl. 22:00 3.k	Fös 20/1 kl. 22:00 5.k	

Aftur á svið - aðeins þessar sýningar



Láttu gjafakortið lifna við!

Þúsundir íslendinga fengu gjafakort Borgarleikhússins í jólagjöf. Njóttu töfranna strax og bókaðu miða.

Miðasala | 568-8000 | www.borgarleikhus.is

GAMLA BÍÓ LEIKHÚS



Hjónabandssæla

Fös	06 jan	kl.20.00	Lau	14 jan	kl 20.00
Lau	07 jan	kl 20.00	Fös	20 jan	kl 20.00
Fös	13 jan	kl 20.00	Lau	21 jan	kl 20.00



Steini, Pési og Gaur á Trommu - Uppistand

Lau	07 jan	kl 22.30	Fös	27 jan	kl 22.30
Fös	13 jan	kl 22.30			

Miðasala í síma 563-4000 og á midi.is | gamlabio.is


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is



Heimsljós (Stóra sviðið)

Lau 7.1. Kl. 19:30 4. sýn.	Lau 28.1. Kl. 19:30 10. sýn.	Lau 18.2. Kl. 19:30 14. sýn.
Sun 8.1. Kl. 19:30 5. sýn.	Sun 29.1. Kl. 19:30 11. sýn.	Sun 19.2. Kl. 19:30 15. sýn.
Lau 14.1. Kl. 19:30 6. sýn.	Lau 4.2. Kl. 19:30 12. sýn.	Lau 25.2. Kl. 19:30 16. sýn.
Sun 15.1. Kl. 19:30 7. sýn.	Sun 5.2. Kl. 19:30 13. sýn.	Sun 26.2. Kl. 19:30 17. sýn.
Lau 21.1. Kl. 19:30 8. sýn.	Lau 11.2. Kl. 19:30 1. Aukas.	
Sun 22.1. Kl. 19:30 9. sýn.	Sun 12.2. Kl. 19:30 2. Aukas.	



Svartur hundur prestsins (Kassinn)

Sun 8.1. Kl. 19:30 33. sýn.	Fös 20.1. Kl. 19:30 37. sýn.	
Fim 12.1. Kl. 19:30 34. sýn.	Lau 21.1. Kl. 19:30 38. sýn.	




Hreinsun (Stóra sviðið)

Fös 13.1. Kl. 19:30 17. sýn. **Síðasta sýning!**



Litla skrímslið og stóra skrímslið í leikhúsinu (Kúlan)

Sun 8.1. Kl. 13:30 6. sýn.	Sun 15.1. Kl. 15:00	Sun 29.1. Kl. 13:30
Sun 8.1. Kl. 15:00 7. sýn.	Sun 22.1. Kl. 13:30	Sun 29.1. Kl. 15:00
Sun 15.1. Kl. 13:30	Sun 22.1. Kl. 15:00	



Judy Garland (Þjóðleikhúskjallarinn)

Lau 7.1. Kl. 16:00	Fös 13.1. Kl. 22:00

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 551 1200

➔ MYNDLIST KAREN AGNETE ÞÓRARINSSON ENEVOLDSEN



Kaffikerlingar, frá sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Kyrralíf og mannfólk

Á sama tíma og *Listasafn Reykjavíkur* opnar á *Kjarvalsstöðum* sýningu á verkum danska listmálarans **Karen Agnete Enevoldsen** (1903-1992), sem síðar varð **Þórarinsson,** opnar sýningin *Kyrralíf í Hafnarborg* þar sem myndir Karenar eru í stóru hlutverki.

Karen var ein af mörgum dönskum konum sem fylgdu íslenskum eiginmönnum heim frá *Kaupmannahöfn* á fyrri hluta 20. aldar, eftir nám beggja við dönsku listaakademíuna. Hún hreifst af landi og þjóð og næstu sex áratugina málaði hún og sýndi verk sín víða um land og varð virtur og vel þekktur málari. Hún sýndi jafnan með eiginmanni sínum **Sveini Þórarinssyni** en þau settust að í *Kelduhverfi* í *Öxarfirði* í *Norður-Þingeyrasýslu* árið 1929 en reistu sér síðar hús í Ásbyrgi. Fyrsta samsýning þeirra á Íslandi var haldin í *Oddfellow-húsinu* á *Akureyri* 1929. Á sýningunni verður lögð áhersla á að kynna þá myndaflokka sem hún sem sinnti hvað mest en það voru mannamyndir, aðallega af konum, náttúrustemmur, blóm og kyrralíf. Titill sýningarinnar á *Kjarvalsstöðum, Draumalandið mitt í norðri,* er sóttur í ljóð **Einars Benediktssonar** *Bláskógavegur.* Sýningarstjóri er **Hrafnhildur Schram.**



Í eldhúsinu, frá sýningunni í Hafnarborg. Báðar myndirnar eru eftir Karen Agnete Þórarinsson.

Í *Hafnarfirði* eru verk Karenar í hópi fjölda annarra kyrralífsmynda eftir íslenska listamenn af breiðu kynslóðabili, sem sumir eru þekktir fyrir verk af annarri gerð. Þeirra á meðal má nefna; **Jón Stefánsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Kjarval, Finn Jónsson, Gunnlaug Scheving, Louisu Matthíasdóttur** og nokkra núlifandi listamenn eins og **Helga Þorgils Friðjónsson, Magnús Tómasson, Húbert Nóa, Guðbjörgu Lind, Pétur Gaut og Áslaugu Thorlacius.** Sýningarstjórar eru **Ólöf K. Sigurðardóttir** og **Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir.**

Blóðugt en ekki bannað börnum

Aðstandendur sýningarinnar um *Axlar-Björn* segja að enginn megi láta auglýsingu með alblóðugum **Atla Rafni Sigurðssyni** hræða sig um of. Leikritið er öllum leyft, ungum sem öldnum og er ekki hryllilegri en gengur og gerist þegar unnið er með íslensk þjóðsagnaminni og sögu.


Sýningin er eftir **Björn Hlyn Haraldsson** sem jafn framt leikstýrir. Hún segir sögu eins frægasta morðinga sem hér hefur verið, Axlar-Björns sem var upp á 16. öld og myrti átján manns áður en hann var fangaður. Sjálfur lauk hann lífinu á hroðalegan hátt eftir að hafa fengið þann dóm að allir útlimir hans skildi brotnir í mél áður en hann yrði líflátinn.

Auk Atla Rafns leikur **Helgi Björnsson** í verkinu sem verður frumsýnt á litla sviði *Borgarleikhússins* miðvikudaginn 11. janúar. Um tónlist sér **Kjartan Sveinsson** úr *Sigurrós* og búninga **Mundi Vondi**.



Helgi Björnsson situr fyrir við vinnslu á auglýsingu fyrir sýninguna.

➔ PLÖTUDÓMAR DR. GUNNA



Stunts & Rituals

★★★

Gang Related

Glaðlegt glamur

Í Gang Related (gott nafn!) eru í fararbroddi bræðurnir Gunnar og Albert, sem báðir spila á gítar og syngja. Helgi úr Morðingjunum er á trommur og bassaleikarinn heitir Jón Otti. Sveitin syngur á ensku og gæti vel verið eitthvert upprennandi bílskúrsband frá erlendri stórborg. Þeir eru nútímalega indí en með rætur í poppmelódísku sixtísi. Gítarar glamra glaðlega yfir lágum og feimnislegum söng og vænni slettu af bergmáli er svo bætt við allt saman. Þetta er hin ágætasta plata; bandið efnilegt og fundvíst á sniðugar laglínur, en strákarnir mættu gjarnan leita eftir aðeins persónulegri tóni.



Neyðaróp

★★

Gunnlaugur Blöndal

Litað eftir númerum

Gunnlaugur Blöndal er 27 ára og Neyðaróp er hans fyrsta sólóplata. Vopnaðar titrandi söngröddu, gítar, píanói, lágstemmdum áslætti og neyðarópi Geirs H. Haarde framreiðir Gunnlaugur tólf lög á ensku og íslensku. Rólegt yfirbragð er á öllu saman og tónlistin er sterklituð þeirri tónlist sem Gunnlaugur er vísast til hvað spenntastur fyrir; dramarokk Diktu og aðeins út í bæði Sigur Rós og ameríska handboltarokkið. Gunnlaugur er greinilega hæfileikamaður og sköpunin er sannfærandi þótt það sé reyndar aðallega litað eftir númerum eins og er. Útgáfan er eingöngu rafræn og má nálgast í gegnum facebook.com/gblondal.



Með Sinfóníuhljómsveit Íslands

★★★★

Sigurður Guðmundsson & Sigríður Thorlacius

Fágað og flott

Bæði Siggi og Sigga höfðu áður endurvakið gullna stemmingu 6. áratugarins í íslenska poppinu þegar þau stigu saman á svið nýopnaðrar Hörpu síðastliðið sumar og tóku lagið með sjálfri Sinfó. Hér er upptaka frá tónleikunum, íburðarmikil kóverplata þar sem „lögin við vinnuna“ eru hunangspensluð og hægelduð í eigin soði. Í bland við íslensku poppklassíkina hafa nokkrir nýir textar runnið af velsmurðu færibandi Braga Baggalúts við erlenda klassík. Söngvararnir standast vel samanburð við goðumlíka söngvara fortíðar eins og heyrist vel þegar þau syngja Þrek og tár. Fáguð og flott plata fyrir ömmu og afa.